

216
27. nóv.

5. Bessastaðavegur: af sýsluvegi hjá Söndum að Bessastöðum.
6. Búrfellsvegur: af þjóðvegi fyrir ofan Staðarbakka um Skarfhól að Búrfelli.
7. Austurárdalsvegur: af sýsluvegi við Hnausakot að Bjargarstöðum.
8. Óspaksstaðavegur: af þjóðvegi austan Hrutafjarðarar að Óspaksstöðum.
9. Síkárvegur: af þjóðvegi hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossi.

Til nýbygginga og viðhalds sýsluvega í II. flokki veitist allt að hálf framlag úr sýsluvegasjóði móti framlagi frá einstaklingum eða sveitarfélögum. Þó má framlag til II. flokks sýsluvega aldrei nema meiru en 10% af heildartekjum sýsluvegasjóðs.

7. gr. orðist svo:

Sýslunefndin hefur á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins og yfirumsjón með vegagerðum og viðhaldi vega og ákveður framlag til nýbygginga hinna einstöku sýsluvega. Sýslunefndinni er skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um legu og gerð veganna og val verkstjóra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 19. júlí 1933, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

217
27. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði.

Gjöld samkvæmt reglugerð frá 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði, skulu frá 1. desember 1943 hækka um 100%.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 30 14. júní 1929, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

218
29. nóv.

AUGLÝSING

um bráðabirgðabreytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur
12. desember 1940.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt eftirfarandi ákvæði um bráðabirgðabreytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940:

Kaflinn I. Raforka, breytist svo sem hér fer á eftir:

I. Stafliður A. Lýsing, breytist þannig:

1. Töluliður 2. Seinni setning síðustu málsgreinar: „Þó má selja“ o. s. frv., falli niður.

2. Töluliður 3. Síðasta málgrein töluliðsins, sem byrjar með A 3 D., falli niður. 218
3. Töluliður 4. Í fyrstu málgrein töluliðsins komi í stað 12 aura verðs utan ljósa- 29. nóv.
tíma 25 aura verð.
4. Töluliður 5. Síðari hluti liðsins „er samsvarar 600 stunda notkunartíma“ o. s. frv., falli niður.

II. Stafliður B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar, breytist svo sem hér fer á eftir:

1. Töluliður 2. 5 aura verð á kwh. fyrir umframnotkun rafmagns breytist í 12 aura verð.
2. Töluliður 3. Fyrsta málgrein töluliðsins orðist svo: Um einn kwh.-mæli fyrir alla notkun í heimilinu, er greiðist með 8 aurum á kwh., reiknað eins og undir gjaldskrárlið B 2, en öll notkun umfram greiðist með 12 aurum á hverja kwh., og auk þess skal greiða fastagjald kr. 18.00 á ári á hvert íbúðarherbergi heimilisins.

Önnur málsgr. liðsins orðist svo: Selja má rafmagn til suðu, til veitingahúsa, gistihúsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, á 8 aura hverja kwh, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli fyrir suðuna og engin herbergjahitun notuð. Leiga skal goldin af mælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

3. Töluliður 4. 1. málgrein breytist þannig, að í stað „9 aura á kwh.“ komi 18 aura á kwh. 2. málgrein liðsins: „Þar sem veruleg upphitun“ o. s. frv., fellur niður.

III. Stafliður D. Hitun, breytist svo sem hér segir:

1. Töluliður 3. Skilyrði b. síðast í liðnum breytist þannig: Í stað „kl. 10.45 fm. til 12.00 á hádegi (1¼ kl.) og 2 klst. á eftirmiðdaginn á tímabilinu 3—7“, komi: kl. 10 f. m. til kl. 12¼ e. h. (2¼ klst) og 3 klst. síðdegis á tímabilinu 3—8.
2. Töluliður 4. a. orðist þannig: Um tvígjaldsmæla á 12 aura á kwh. frá kl. 8 að morgni til kl. 11 að kvöldi, en 2 aura á kwh. frá kl. 11 að kvöldi til kl. 8 að morgni.
3. Töluliður 4. c. orðist þannig: Um venjulegan mæli á 7 aura á kwh. allan sólarhringinn og má sameina hitanotkunina heimilistaxta B 2 á sama hátt og undir lið b. Eftir þessum lið verði ekki seld raforka öðrum en þeim, sem þegar hafa hana.
4. Aftan við stafliðinn D bætist: Heimilt er rafmagnsstjóra að banna upphitun með raforku, þar sem annars konar hitunartæki eru fyrir og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að því banni verði framfylgt.

IV. Stafliður H. breytist þannig:

Í stað orðanna „frá því sem nú er“ í 1. og 2. línu fyrri málgreinar komi: frá því sem var, er síðasta gjaldskrárbreyting var samþykkt þ. 7. nóv. 1940.

Í stað orðanna „sem nú er í þriðja flokki“ í næstsíðustu línu síðari málgreinar komi: sem voru í 3. flokki, þegar síðasta gjaldskrárbreyting var samþykkt þ. 7. nóvember 1940.

Aftan við gjaldskrána komi svohljóðandi málgrein:

Breytingar þær, er gerðar eru á gjaldskránni frá því sem samþykkt var þ. 7. nóvember 1943, eru bráðabirgðaákvæði, sett vegna skorts á vélaafli og rafmagni. Meðan þessi bráðabirgðaákvæði gilda, er óheimil öll færsla milli gjaldskrárliða, sem stafa kunna af breytingunum sjálfum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi og skal verðlag á rafmagni samkvæmt ákvæðum hennar gilda um notkun rafmagns frá aflestri rafmagnsmæla á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur um mánaðamótin nóvember—desember 1943. Stendur það

218 verðlag til fyrsta aflesturs rafmagnsmæla eftir að lokið verður þeirri aukningu Sogs-
29. nóv. virkjunarinnar, sem nú stendur yfir, en þá öðlast aftur gildi þau ákvæði gjaldskrár
Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940, sem með þessari auglýsingu er breytt
eða felld úr gildi um stundarsakir.

Birtist gjaldskrárbreytingin til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Torfi Þórðarson.

219

6. des.

AUGLÝSING

bann gegn flutningi jurta o. fl. milli landshluta innanlands.

Það hefur komið í ljós, að garðar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og héruðunum
þaðan sunnanlands að Mýrdalssandi, svo og garðar í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-
kaupstað og Suður-Þingeyjarsýslu, eru víðast sýktir af kálmaðki. Er því, samkvæmt
lögum nr. 17 13. maí 1927, bannaður allur flutningur á innlendum jurtum með rótum
og garðmold frá hinum sýktu svæðum til annarra landshluta, þar á meðal til Gríms-
eyjar og Vestmannaeyja.

Brot gegn ákvæðum þessum varða 100—5000 króna sektum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

220

8. des.

AUGLÝSING

um breytingar á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

32. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, garðávextir, sykur, kjöt, saltfiskur, ísaður fiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi, freðsild, óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknast eftir þyngd, legsteinar, eldfastir steinar og leir, gólf- og veggflisar, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hevvinnsluvélar, plógar, herfi, blý, vír, vírnet, akkeri, kalk, fræ, fódurbætir, hey, tilbúinn áburður, saltaðar gærur og saltaðar húðir.
3. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg: Oliur, benzín, feiti, smjörliki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, bindigarn, net, línur, önglar, olíufatnaður